



Innviðaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík  
sent á samráðsgátt

Reykjavík, 9. ágúst 2022

**Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstpjónustu (innleiðing Evrópureglna, bréfastassamstæður, leiðrétting)**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar ofangreint frumvarp sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 15. júlí. SA styðja hinar áformuðu breytingar en benda á eftirfarandi atriði sem að mati samtakanna er nauðsynlegt að breyta samhliða.

Lög nr. 98/2019 um póstpjónustu (ppl.) var ætlað að innleiða póستtilskipun Evrópusambandsins nr. 2008/6/EB. Í 21. tl. 4. gr. ppl. er póstsending skilgreind sem *sending með eða án áritunar á umbúðir hennar. Auk bréfa upp að 2 kg. teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og pakkar upp að 20 kg sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.* Í póستtilskipuninni er hugtakið „postal parcels“ notað en í fyrrgreindu ákvæði er talað um „pakka.“ Eðlilegra væri að nota „bögglassending“ um það sem við er átt, þ.e. póst sem er of stór fyrir bréfasendingu en lýtur að öðru leyti lögmálum póstsendinga. SA leggja því til að hugtakið „postal parcel“ fái rétta þýðingu og fari inn í lögin sem „bögglaþóstur“ og samhliða fari hugtakið „pakki“ út.

Jafnframt er rétt að áréttta að farmflutningar eru ekki póstpjónusta. Farmflytjendur flytja farm en ekki bögglassendingar og um farmflytjendur gilda sérstök lög og á þeim hvíla aðrar skyldur en póstrekendur. Í frumvarpi til laga er urðu að ppl. kemur fram að ekki hafi verið ætlunin að útvíkka hugtakið póstrekaði frá því sem verið hafði. Lögin áttu því ekki að gilda um farmflytjendur. Borið hefur á því að farmflytjendur hafi verið taldir skráningarskyldir sem póstrekaði með tilheyrandi gjaldskyldu og öðrum íþyngjandi skyldum ásamt því að vera beittir dagsektum vegna skorts á skráningu. Dagsektarákvæði ppl. takmarkast við póstrekaði. Hins vegar er eðlilegt að taka af öll tvímæli um að farmflytjendur sem heyra undir lög um landflutninga og siglingalög verði aldrei skilgreindir sem póstrekaði. Fyrirmynd að slíku ákvæði má finna í 5. gr. landflutningalaga nr. 40/2010. Eftirfarandi ákvæði kæmi þannig inn í ppl.:

*Lög þessi gilda ekki um flutning farms sem fellur undir landflutningalög eða siglingalög.*

SA áskilja sér loks að koma frekari athugasemdum á framfæri þegar frumvarpið er fullunnið.

**Virðingarfyllst**

f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Heiðrún B. Gísladóttir*

Heiðrún Björk Gísladóttir